

## REGLUGERÐ

### Um bann við loðnuveiðum árið 1975.

#### 1. gr.

Frá gildistöku reglugerðar þessarar þar til öðruvísi verður ákveðið, eru allar loðnuveiðar bannaðar innan fiskveiðilögsögunnar milli kl. 20.00 og 07.00 á svæði fyrir suðurströnd Íslands, sem takmarkast að austan af 16° v.lgd. og að vestan af 17° v.lgd.

Á tímabilinu 1. mars til 15. maí 1975, eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni utan línu, sem dregin er 12 sjómílnur utan við grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á tímabilinu 15. maí til 1. ágúst 1975 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

#### 2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

#### 3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. febrúar 1975.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Dórður Ásgeirsson.*